

Georg kjörinn heiðursborgari

● Hefur lifað lengst karlmanna á Íslandi og er nú elstur allra Hólmara fyrr og síðar ● Er enn hress í anda

Gunnlaugur Arnason
Stykkishólmi

Við hátíðlega athöfn á Dvalarheimili aldraða í Stykkishólmi á uppstillingardag var tilkynnt að bæjarstjórn Stykkishólms hefði kjörð Georg Breiðfjörð Ólafsson heiðursborgara Stykkishólms.

Georg náði þeim einstaka áfanganum að verða 106 ára 26. mars sl. og hefur enginn karlmaður á Íslandi áður náð jafni háum aldri.

Einn íbúi Stykkishólmsbæjar hefur áður náð þeim aldri en það var María Andrésdóttir sem var kjörin heiðursborgari 1959. Þegar María féll frá 3. september 1965 var hún 106 ára og 43 daga gömul. Hin 9. maí náði Georg Breiðfjörð Ólafsson því marki og er elsti einstaklingur sem hefur búið í Stykkishólmi.

Af því tilefni bauð bæjarstjórn Stykkishólms til samkomu þar sem Georg var veitt viðurkenningin og var þar saman kominn fjölskylda hans og nánir gestir.

Langlíf í ættinni

Georg fæddist og ólst upp í Akureyrum á Gílsfirði, en hefur búið í Stykkishólmi og næsta nágrenni í 88 ár. Hann giftist Þorbjörgu Júlíu.



Með sonum Georg Breiðfjörð Ólafsson, heiðursborgari Stykkishólms, með sonum sínum þremur, Gylfa, Júlíusi og Ágústi í veislunni.

íuslóttur og dó hún árið 1984. Þau eignuðust þrjá syni.

Í ávarpi Sturlu Böðvarssonar bæjarstjóra við þetta tækifæri kom fram að langlífi hefur verið í ættinni, en báðar ömmur Georgs urðu 95 ára. Móðuramma lést 1938 og hefur það verið mjög hár aldur á þeim tíma. Hann sagði einnig að Georg hefði verið eftirsóttur til

vinnu, fyrir vandvirki, handlagni og útsjónarsemi Hann starfaði við skipasmíðar um áratugi, bæði viðgerðir og nýsmíði. Starfsferlinum lauk hann í Skipasmíðastöðinni Skipavík árið 1984.

Georg er enn hress í anda og fylgist með hinu daglega lífi, en sjónin er farin að daprast þegar aldurinn er farinn að segja til sín.



Morgunblaðið/Gunnlaugur Arnason

Heiðursborgari Hafdís Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar Stykkishólms afhendir Georgi heiðursborgaraskjalið við hátíðlega athöfn.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2015, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2015 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, öliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnuettirlitgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddir uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, sérstakur skattur á fjármálafrirtæki, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2015

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Kristinn

Nýbygging. Það voru kátir og vel útbúnir nemendur Norðlingaskóla sem tóku fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu við skólann í gær.

Nemendurnir tóku fyrstu skóflustungu nýrrar byggingar

● Nýtt húsnæði leysir af hólmi færanlegar húsnæðiseiningar

Tekin var fyrsta skóflustungan fyrir nýbyggingu við Norðlingaskóla í gær. Nemendur skólans ásamt kennurum og starfsfólki sátu um verkið en hluti byggingarinnar mun verða nýttur til kennslu fyrir miðstig skólans.

Ólafur Páll Snorrason, framkvæmdastjóri BS eigna ehf. og eigandi byggingarinnar, segir hana verða 2.300 fermetra í heild en hún verði staðsett 150 metra frá skólunum. Efri hæð húsnæðisins sem er 1.155 fermetrar, verði leigð til Reykjavíkurborgar. Hæðin verði nýtt fyrir kennslu og undir skrifstofur kennara. Með þessu nýja hús-

næði muni skólinn hætta að notast við færanlegar húsnæðiseiningar við kennslu.

Önnur starfsemi á neðri hæð

„Ætlað er að skólabyggingin verði tekin í notkun strax í byrjun ársins 2016 en Ólafur segir óákveðið hvers konar starfsemi verði leigð út á neðri hæðinni.“

„Þar mun ég reyna að aðlaga húsið starfsemi skólans, kannski skoða léttan iðnað eða í raun bara litla heildisölu, lager fyrir einrykja eða svölendi. Ég mun reyna að stýra því þannig að það henti vel fyrir skólann,“ segir Ólafur. brynjadogg@mbl.is



Teikning Efri hæð húsnæðisins mun geyma skrifstofur og kennslustofur.